

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um lóðarleigu í Reykjanesbæ.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hve margar lóðir á ríkissjóður undir íbúðarhúsnæði annars vegar og hins vegar undir atvinnuhúsnæði í Reykjanesbæ?
2. Hve margar þeirra eru byggðar og hve margar óbyggðar?
3. Hver er lóðarleiga sem hlutfall af lóðarverðmæti vegna lóða í eigu ríkisins í Reykjanesbæ? Er sú leiga sambærileg við leigu sem einkaaðilar á svæðinu og Reykjanesbær innheimta?
4. Hvað innheimtir ríkissjóður að meðaltali í lóðarleigu í krónum talið í Reykjanesbæ fyrir
 - a. einbýlishús,
 - b. raðhús,
 - c. fjölbýlishús skipt eftir helstu stærðum fjölbýla?
5. Hver var hækkun lóðarleigu hvers flokks húsnæðis milli ára árin 2017–2020?
6. Hve háar voru leigutekjur ríkissjóðs ár hvert í Reykjanesbæ árin 2017–2020 vegna lóða í eigu hans og hver verður hún árið 2021?
7. Innheimtir ríkissjóður lóðarleiguna í Reykjanesbæ beint eða er hún innheimt af innheimtuaðila og þá hverjum? Hve mikið er þeim aðila greitt árlega í innheimtuþóknun?

Skriflegt svar óskast.